



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

JÖFNUNARSJÓÐUR

**Skýrsla um jöfnunarsjóð alþjónustu
fyrir árið 2008**

Nóvember 2009

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	3
1.1.	Almennt	3
1.2.	Alþjónusta	3
1.3.	Um jöfnunarsjóð	4
1.3.1.	Álagning jöfnunargjalds	4
1.3.2.	Tillaga um gjaldhlutfall fyrir rekstrarárið 2009	5
1.4.	Markaðshagur og fl.....	5
2.	Yfirlit yfir kostnað af alþjónustu í nokkrum ríkjum	7
2.1.	Samkomulag á milli fyrirtækja á markaði um skiptingu kostnaðar	7
2.2.	Ríki þar sem búið er að reikna hreinan kostnað (net cost), en hann ekki álitinn óhófleg byrði á fyrirtækið.	7
2.3.	Ríki þar sem búið er að reikna nettó kostnað alþjónustuveitanda og skipta honum upp á milli fyrirtækja á markaði.	7
2.4.	Ríki þar sem eftirlitsaðilinn hefur útnefnt fjarskiptafyrirtæki með alþjónustuskyldur, en kostnaður alþjónustuhafa ekki verið reiknaður út, né honum skipt upp á milli fyrirtækja á markaði.....	9
2.5.	Ekkert fyrirtæki með alþjónustuskyldur	9
3.	Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði á árinu 2008	9
4.	Ágreiningsmál í tengslum við jöfnunarsjóð	9
4.1.	Mál fyrir dómstólum.....	9
4.2.	Kröfur um dráttarvexti.....	10
5.	Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki	10
5.1.	Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2008.....	11
5.2.	Staða jöfnunarsjóðs	12
6.	Lokaorð	13

1. Inngangur

1.1. Almenn

Samkvæmt 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 skal Póst- og fjarskiptastofnun birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft af því að veita þjónustuna. Póst- og fjarskiptastofnun birtir nú í þriðja sinn yfirlitsskýrslu um framlög fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð, ásamt yfirliti yfir þær skuldbindingar sem fallið hafa á jöfnunarsjóð. Fyrsta skýrslan tók til árána 2000-2005 og síðari skýrslan til árána 2006 og 2007. Í skýrslunni verður einnig sagt frá lyktum tveggja dómsmála sem lauk á þessu ári, sem og málshöfðun á hendur jöfnunarsjóði vegna meintra dráttarvaxta sem Síminn telur að sjóðurinn skuldi sér. Þótt umfjöllun um þessa dóma sem og málshöfðun Símans á hendur jöfnunarsjóði falli ekki strangt til tekið undir það uppgjörssár sem hér er undir þykir stofnuninni eðlilegt, samhengisins vegna að taka þessi mál til umfjöllunar í þessari skýrslu.

Póst- og fjarskiptastofnun er vörslu- og umsýsluaðili sjóðsins samkvæmt 22. gr. laga um fjarskipti. Um afmarkaða sjóð er að ræða sem er aðskilinn frá fjárhag Póst- og fjarskiptastofnunar og hefur sjóðurinn sérstakt fjárlaganúmer.

1.2. Alþjónusta

Við afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu þann 1. janúar 1998, varð til nýtt hugtak í fjarskiptarétti svokölluð alþjónusta. Með alþjónustu er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks fjarskiptaþjónustu óháð búsetu. Núgildandi reglur um alþjónustu eru í VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og í reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að útnefna aðila einn eða fleiri til þess að bjóða alþjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Eftirfarandi þjónusta er nú skilgreind sem alþjónusta, sbr. 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar um alþjónustu:

- Almenn talsímaþjónusta
- Handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar)
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða
- Aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónusta um öll símanúmer
- Almenningssímar
- Aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala

Þau fyrirtæki sem í dag hvílir á skylda til að veita alþjónustu samkvæmt fjarskiptalögum eru Neyðarlínan ohf. (hér eftir Neyðarlínan), en með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2009 var fyrirtækið útnefnt með skyldu til að veita alþjónustu vegna aðgangs að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala (neyðarsvörun) á sviði talsímaþjónustu.

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2007 um útnefningu fjarskiptafyrirtækja með skyldu til að veita alþjónustu var öðrum alþjónustuskilydum skipt upp á milli Mílu ehf. sem hefur skyldu til að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu, Símans hf., sem hefur skyldu til að veita talsímaþjónustu, gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu, ásamt skyldu til að reka almenningssíma um land allt. Já upplýsingaveitur ehf., sem hafa skyldu til að gefa út símaskrá og reka upplýsingaþjónustu um símanúmer í númerinu 118. Þá er einnig kveðið á um að Síminn og Já upplýsingaveitur skuli verða við öllum sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja sem leitast við að jafna aðgang félagsmanna þeirra að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu.

Öllum fyrirtækjunum ber að veita þjónustu um allt land.

1.3. Um jöfnunarsjóð

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar alþjónustuskilydur geta sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að þeim verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir ef talið er að starfsemin sé rekin með tapi eða sé óarðbær.

Til að standa straum af fjárframlagi til fjarskiptafyrirtækja er innheimt jöfnunargjald á bókfærða veltu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu.

Jöfnunargjald sem skattstjórar leggja á og innheimta af fjarskiptafyrirtækjum er svokallaður veltuskattur, sbr. 22. gr. fjarskiptalaga. Það einkennir veltuskatta að hugtakið velta er notuð sem gjaldstofn, skatturinn er einfaldur og skatthlutfallið er lágt.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga kveður á um gjaldstofn jöfnunargjalds, álagningarprósentu og endurskoðunarhlutverk PFS. Ákvæðin hljóða svo:

„Skal jöfnunargjald lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi: Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,65% af bókfærði veltu skv. 2. mgr. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra...“

Ofangreint ákvæði felur í sér skattlagningarheimild og skilgreinir gjaldanda, skatthlutfallið og skattstofninn. Skattstofninn er bókfærð velta, þ.e. rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi. Því er ljóst að þær rekstrartekjur sem ekki stafa af fjarskiptastarfsemi falla ekki undir gjaldstofninn. Fjarskiptastarfsemi tekur bæði til reksturs fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanets. Samkvæmt þessu falla allar þær tekjur sem fjarskiptafyrirtæki fá frá viðskiptavinum sínum sem af fjarskiptastarfsemi undir gjaldstofninn.

1.3.1. Álagning jöfnunargjalds.

Stofn til jöfnunargjalds samkvæmt 22. gr. fjarskiptalaga og stofn til rekstrargjalds samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 er hinn sami. Póst- og fjarskiptastofnun fer með álagningu og innheimtu rekstrargjalds en gjaldinu er

ætlað að standa undir rekstri Póst- og fjarskiptastofnunar. Álagning jöfnunargjalds sem ætlað er að standa undir framlögum til fjarskiptafyrirtækja vegna alþjónustu er hins vegar í höndum skattýfirvalda. Á undanförunum árum hefur það komið fyrir að fjarskiptafyrirtæki hafa gefið upp til skattýfirvalda annan álagningarstofn en stuðst hefur verið við þegar Póst- og fjarskiptastofnun leggur rekstrargjald á fjarskiptafyrirtækin. Afleiðing þess hefur m.a. verið sú að verulegum vandkvæðum hefur verið háð að áætla innkomu í sjóðinn og þar með greiðslugetu sjóðsins frá ári til árs.

1.3.2. Tillaga um gjaldhlutfall fyrir rekstrarárið 2009

Á árinu 2009 kemur fyrst til framkvæmda álagning jöfnunargjalds eftir að álagningarprósentan var hækkuð með lögum nr. 143/2007, úr 0,12% í 0,65%. Ástæða þessarar miklu hækkunar á álagningarprósentuna voru skuldbindingar sem fallið höfðu á jöfnunarsjóð vegna alþjónustuskyldu Símans, að veita gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu.¹

Síminn hefur ekki sótt um frekari framlög úr jöfnunarsjóði vegna þeirra alþjónustuskyldna sem hvíla á fyrirtækinu. Fyrirtækið hefur hins vegar stefnt Póst- og fjarskiptastofnun fyrir hönd jöfnunarsjóðs til greiðslu dráttarvaxta vegna þess framlags sem fyrirtækinu var ákvarðað með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 1/2007. Ekki er því hægt að útiloka að frekari skuldbindingar falli á jöfnunarsjóð á næsta ári ef niðurstaða dómstóla verður sú að jöfnunarsjóði beri að greiða dráttarvexti af upphæðinni.

Ljóst er að á meðan ekki er búið er að leysa úr þessum ágreiningi fyrir dómstólum að mikil óvissa er um þær skuldbindingar sem nú hvíla á jöfnunarsjóði. Þessi óvissa gerir það að verkum að mjög erfitt er fyrir PFS sem vörsluaðila sjóðsins að endurskoða fjárþörf sjóðsins vegna alþjónustu og í framhaldi af því gera tillögu um breytt gjaldhlutfall til samgönguráðherra, sbr. 3. mgr. 22. fjarskiptalaga.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega, sjá nánar 22. gr. fjarskiptalaga.

1.4. Markaðshagur og fl.

Með lögum nr. 78/2005 var 21. gr. fjarskiptalaganna breytt á þann veg að fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu geti það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Póst- og fjarskiptastofnun skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Í 11. gr. reglugerðar nr. 1356/2007 um alþjónustu eru settar nánari leiðbeiningar varðandi útreikning á kostnaði við alþjónustu.

Í 1. mgr. er fjallað um rétt alþjónustuveitanda til að sækja um fjárframlög ef það tap sem er á þjónustunni er ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Þá er í 2. mgr. kveðið á um fyrir hvaða tíma þarf að vera búið að sækja um fjárframlög og í 3. mgr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um fjárframlag úr Jöfnunarsjóði.

¹ Sjá nánar úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frá 10. október 2007, mál nr. 1/2007.

- greinargóð lýsing á þeirri starfsemi sem sótt er um framlag fyrir.
- nákvæmar upplýsingar um hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.
- greinargerð um á hvern hátt rekstrartapið er ósanngjörn byrði á fjarskiptafyrirtækinu.
- upplýsingar um hvernig bókhaldslegum aðskilnaði er háttað hjá fyrirtækinu, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga.

Með 3. gr. laga nr. 39/2007, var bætt við nýjum málslíð við 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga, hið nýja ákvæði hljóðar svo: *“Ef slíkur aðskilnaður er ekki fyrir hendi skal Póst- og fjarskiptastofnun hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag.”* Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun sé gert skylt að hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag ef sá þáttur starfseminnar sem háður er fjárframlögum skv. 21. gr. laganna er ekki bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækisins. Ljóst er að tilvitnuð breyting á fjarskiptalögum mun hafa áhrif á hvernig umsóknir um framlag úr sjóðnum verða meðhöndlaðar í framtíðinni.

Í 5. mgr. reglugerðar um alþjónustu er fjallað um meðferð umsóknar hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Stofnuninni ber í upphafi að meta hvort viðkomandi þjónusta sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð né tryggð með öðrum hagkvæmari hætti. Þá er einnig gert ráð fyrir að lagt sé mat á það hvort alþjónustuskýldan og þar með tap alþjónustuveitandans sé ósanngjörn byrði á umsækjanda. Gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun geti kveðið upp sjálfstæða ákvörðun þar sem einungis væri tekist á um ofangreind atriði.

Ef niðurstaðan hér að ofan verður á þá leið að tap alþjónustuveitanda sé ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Hefst annað stig í meðferð umsóknarinnar þar sem reikna þarf nettókostnað umsækjanda að teknu tilliti til markaðsávinninga fyrirtækisins. Í reglugerðinni er nefnt í dæmaskyni nokkrir af þeim þáttum sem taka á tillit til s.s. æviferilsáhrif, alnánd, ímynd og vörumerki. Ekki hefur verið talið að Neyðarlínan ohf. hafi markaðsávinning af því að veita alþjónustu á sviði neyðarsímsvörunar, sbr. ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 23/2007, sem tók til framlags úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2008 og ákvörðun nr. 12/2009, sem tók til framlags úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2009.

Eins og fram kemur í inngangsorðum þessarar skýrslu skal Póst- og fjarskiptastofnun birta greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft. Póst- og fjarskiptastofnun telur eðlilegt að greinargerð um markaðsávinning alþjónustuveitandi verði aðeins tekin saman í tengslum við umsókn alþjónustuveitanda um fjárframlög úr jöfnunarsjóði vegna taps á þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Helgast þetta af þeirri staðreynd að nán tengsl eru á milli umsóknar alþjónustuveitanda um framlag úr jöfnunarsjóði og útreikninga á markaðsávinningi. Þá er líklegt að mörg álitæfni muni koma upp um hvernig reikna beri markaðshag alþjónustuveitanda sem eðlilegt er að leyst verði úr í tengslum við meðferð umsóknar alþjónustuveitanda um framlög úr sjóðnum.

2. Yfirlit yfir kostnað af alþjónustu í nokkrum ríkjum

Það fyrirkomulag sem fjarskiptalög kveða á um að skuli vera á fjármögnun alþjónustuskyldna á rót sína að rekja til alþjónustutillskipunarinnar nr. 2002/22/EC, einkum greinar 12 og 13. Samkvæmt 12. gr. tilskipunarinnar skal reikna út nettókostnað (net cost) alþjónustuveitanda ef talið er að sá kostnaður sem leggst á fyrirtækin vegna alþjónustu sé óeðlileg byrði. Ef um óeðlilegar byrðar er að ræða hafa ríki Evrópubandalagsins tvær leiðir til að fjármagna þennan kostnað alþjónustuveitanda: Í fyrsta lagi með opinberum framlögum (public funding mechanism for compensation) og í öðru lagi með því að skipta þessum kostnaði á milli fjarskiptafyrirtækja á markaði (share the net cost between operators). Hér á landi var valin sú leið að skipta þessum kostnaði á milli fyrirtækja á markaði, sbr. 21. og 22. gr. fjarskiptalaga.

Mjög mismunandi er á milli ríkja hvort þau hafi talið ástæðu til að reikna út kostnað vegna alþjónustu og þá um leið hvort ástæða sé til að bæta fjarskiptafyrirtækjum með alþjónustuskyldur upp hugsanlegt tap vegna alþjónustu.

Af yfirliti sem ráðgjafarfyrirtækið Cullen hefur tekið saman um hvernig þessum málum er fyrirkomið í ríkjum Evrópubandalagsins má sjá að mjög mismunandi er á milli ríkja á því hvort talið sé að alþjónustuveitandi beri einhvern sérstakan kostnað vegna alþjónustu og þá um leið hvort honum sé skipt upp á milli fyrirtækja á markaði. Réttarstöðuna í einstökum ríkjum má draga upp með eftirfarandi hætti:

2.1. Samkomulag á milli fyrirtækja á markaði um skiptingu kostnaðar

Í Austurríki þar sem Telekom Austria hefur verið útnefnt sem alþjónustuhafi, hafa stærstu fyrirtækin samþykkt, án opinberrar íhlutunar að skipta kostnaðinum á milli sín fyrir árin 1999-2006. Viðræður um skiptingu kostnaðar vegna árána 2007 og 2008 standa enn yfir.

2.2. Ríki þar sem búið er að reikna hreinan kostnað (net cost), en hann ekki álitinn óhófleg byrði á fyrirtækið.

Belgía.

Heildarkostnaður Belgacom vegna alþjónustu 48,4 milljónir €. Reiknaður markaðshagur 21,4 milljónir €. Kostnaður Belgacom ekki talinn óhófleg byrði á fyrirtækinu og honum þar af leiðandi ekki skipt upp á milli fyrirtækja á markaði.

England.

Árið 2003/04 taldi Ofcom² að kostnaður vegna alþjónustu væri á bilinu 62 til 88 milljónir €. Markaðshagur var álitinn vera 70 til 76 milljónir €. Heildarkostnaður vegna alþjónustu því á bilinu 0 til 12 milljónir €. Kostnaður alþjónustuveitanda ekki talinn óhófleg byrði á fyrirtækinu og honum því ekki skipt upp á milli fyrirtækja.

2.3. Ríki þar sem búið er að reikna nettó kostnað alþjónustuveitanda og skipta honum upp á milli fyrirtækja á markaði.

Frakkland.

Árið 2006 var alþjónustukostnaður France Telecom 54,8 milljónir €, reiknaður markaðshagur af alþjónustu var 22,2 milljónir € og því heildarkostnaður 29,6 milljónir €. Kostnaðinum hefur verið skipt á milli France Telecom sem bar 18,1 milljón € af kostnaðinum og farsímafyrirtækja á markaði.

² Ofcom áætla að taka kostnað vegna alþjónustu til endurskoðunar á árunum 2009/10.

Ítalía

Árið 2003 var alþjónustukostnaður Telecom Italia talin vera 61,1 milljón €. Markaðshagur af alþjónustu var 20,2 milljón €. Heildarkostnaður 41 milljón €. Kostnaðinum er skipt upp á milli fyrirtækja í samræmi við veltu þeirra á fjarskiptamarkaði.

Spánn,

Árið 2005 var alþjónustukostnaður talinn vera 80 milljónir €, Kostnaðinum er skipt upp á milli fyrirtækja í samræmi við veltu á fjarskiptamarkaði.


Þann 12. mars 2009 birti spánski eftirlitsaðilinn (CMT) niðurstöður sínar um kostnað (net cost) Telefonica af alþjónustu fyrir árið 2006. Niðurstaðan var rúmlega 75 milljón €. Jafnframt komst stofnunin að því að kostnaðurinn væri ósanngjörn byrði á fyrirtækinu og yrði þess vegna að skipta honum á milli fjarskiptafyrirtækja á markaði. Upplýsti CMT að það myndi taka sjálfstæða ákvörðun varðandi það með hvaða hætti ætti að skipta þessum kostnaði á milli fyrirtækjanna.

Við útreikninga á net cost alþjónustuveitanda voru eftirfarandi atriði m.a. tekin til greina af hálfu CMT

Kostnaður við almenna talsímaþjónustu á þeim svæðum þar sem hagkvæmt rekið fjarskiptafyrirtækið myndi ekki bjóða upp á þjónustu á markaðslegum forsendum (óhagkvæm svæði). Á Spáni er litið á svæði sem óhagkvæmt ef beinn kostnaður er meiri en tekjurnar.

Kostnað við almenna talsímaþjónustu fyrir fatlaða og notendur með sérstakar þarfir.

CMT taldi jafnframt að markaðshagur Telefonica af því að veita alþjónustu væri 19,56 milljónir €. Inn í þeirri tölu var t.d. æviferilsáhrif, alnánd, ímynd og vörumerki.



Taflan sýnir samanburð á kostnaði vegna alþjónustu í þeim ríkjum sem hafa reiknað út hreinan kostnað (net cost) af skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita alþjónustu. (heimild Cullen International)

2.4. Ríki þar sem eftirlitsaðilinn hefur útnefnt fjarskiptafyrirtæki með alþjónustuskyldur, en kostnaður alþjónustuhafa ekki verið reiknaður út, né honum skipt upp á milli fyrirtækja á markaði.

Danmörk, Finnland, Grikkland, Írland,³ Holland, Noregur, Portúgal,⁴ Sviss

2.5. Ekkert fyrirtæki með alþjónustuskyldur

Þýskaland,

Í Þýskalandi mun þýski eftirlitsaðilinn ekki útnefna fjarskiptafyrirtæki með alþjónustuskyldur, nema sýnt þykir að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu væri ekki nægjanlega sinnt af markaðinum.

Lúxemborg

Í Lúxemborg er ekkert fyrirtæki útnefnd, gamli einkaréttarhafinn EPT bíður hins vegar upp á þjónustuna sjálfviljugur (voluntary basis).

Svíþjóð

Í Svíþjóð hefur ákvörðun eftirlitsaðilans (PTS) um að útnefna TeliaSonera sem alþjónustuveitanda verið fellt úr gildi af dómstólum í febrúar 2007.

3. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði á árinu 2008

Á því tímabili sem skýrslan nær yfir bærust engar umsóknir um framlag úr jöfnunarsjóði. Með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 1/2007 var því hins vegar slegið föstu að krafa um framlag úr jöfnunarsjóði fyrndist samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins. Ekki er því hægt að draga þær ályktanir að þau fjarskiptafyrirtæki sem rétt eiga á framlagi úr jöfnunarsjóði vegna alþjónustuskyldna geti ekki síðar sótt um framlag t.d. vegna ársins 2009. Umsókn Neyðarlínunnar vegna ársins 2009, barst t.d. með bréfi, dags. 2. apríl 2009 Með ákvörðun PFS nr. 12/2009 var Neyðarlínunni ohf. ákvarðað framlag upp á kr. 33.371.618 vegna alþjónustuskyldna fyrirtækisins á árinu 2009. Nauðsynlegt er að settar verði skýrari reglur í fjarskiptalög um umsóknarfrest fjarskiptafyrirtækja til að sækja um framlög úr jöfnunarsjóði.

4. Ágreiningsmál í tengslum við jöfnunarsjóð

4.1. Mál fyrir dómstólum.

Tvö dómsmál voru höfðuð á árinu 2008 vegna ákvarðana Póst- og fjarskiptastofnunar og úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem vörðuðu framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

Og fjarskipti (Vodafone) höfðuð mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Símanum og Póst- og fjarskiptastofnunar og krafðist þess að úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 1/2007, þar sem Símanum var ákvarðað framlag úr jöfnunarsjóði vegna gagnaflutningsþjónustu með 128 K/bs flutningshraða, yrði ógiltur. Úrskurður

³ Í febrúar 2007 sótti Eircom um að settur yrði upp sjóður og fyrirtækinu bætt þann kostnað sem það hefur af alþjónustu. Málið er til meðferðar hjá eftirlitsaðilanum (ComReg).

⁴ Þann 29. janúar 2009. tilkynnti framkvæmdarstjórnin að hún hafði stefnt Portúgal fyrir Evrópudómstólinn þar sem Portúgal hafði ekki útnefnd alþjónustuveitanda í samræmi við fjarskiptalöggjöf sambandsins.

Héraðsdóms Reykjavíkur féll þann 19. desember 2008, þar sem kröfu Vodafone var vísað frá dómi þar sem fyrirtækið taldist ekki hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um gildi úrskurðarins. Með dómi Hæstaréttar nr. 15/2009, föstudaginn 6. febrúar 2009 var frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur staðfestur.

Síminn höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Neyðarlínunni, Póst- og fjarskiptastofnun og Vodafone þar sem þess er krafist að úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 9/2007, um framlag úr jöfnunarsjóði til handa Neyðarlínunnar ohf, sem kveðin var upp 4. apríl 2008 verði ógiltur. Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur féll þann 23. júní 2009 þar sem kröfu Símans var vísað frá þar sem fyrirtækið hafði ekki sýnt fram á að það ætti ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úrskurðinn felldan úr gildi. Héraðsdómur var staðfestur með dómi Hæstaréttar nr. 396/2009 frá 21. ágúst 2009.

4.2. Kröfur um dráttarvexti

Með bréfi, dags. 21. janúar og 6.maí 2008 frá Neyðarlínunni var gerð krafa um að Póst- og fjarskiptastofnun greiddi dráttarvexti vegna framlags úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2007. Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði með bréfi dags. 9. júní 2008 m.a. með vísan til fyrirkomulags og ábyrgðar á innheimtu, valdheimilda stofnunarinnar og að kröfunni væri ekki réttilega beint að stofnuninni. Kröfunni hefur ekki verið fylgt eftir frekar af hálfu Neyðarlínunnar.

Síminn hefur aftur á móti með stefnu, dags. 3. nóvember 2009, stefnt Póst- og fjarskiptastofnun fyrir hönd jöfnunarsjóðs alþjónustu.

Krafa Símans er að jöfnunarsjóður alþjónustu verði dæmdur til að greiða fyrirtækinu kr. 163.233.277, ásamt dráttarvöxtum frá 10. nóvember 2007 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun þann 26. febrúar 2009 að fjárhæð kr. 163.233.277, sem dragast skal frá kröfunni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi.

Mál þetta á sér nú orðið nokkuð langan aðdraganda. Krafan kom fyrst fram í bréfi Logos f.h. Símans, þann 18. febrúar 2008, en hefur af hálfu fyrirtækisins verið fylgt eftir með tölvupóstum og bréfaskriftum.

Póst- og fjarskiptastofnun óskaði m.a. eftir ráðgjafandi áliti ríkislögmans um hvort jöfnunarsjóði væri skylt að greiða dráttarvexti af þessum fjárhæðum. Niðurstaða ríkislögmans var sú að ekki væru forsendur fyrir því að sjóðurinn greiddi dráttarvexti og var Símanum kynnt sú afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir hönd sjóðsins, með bréfi dags. 6.maí 2009.

Ef dómstólar fallast á með Símanum að heimilt sé að dráttarvaxtareikna ákvarðað framlag úr jöfnunarsjóði til fyrirtækisins falla verulegar fjárskuldbindingar til viðbótar á jöfnunarsjóð og þar með á þau fjarskiptafyrirtæki sem eru starfandi á markaðnum í dag.

5. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki

Neðangreindar upplýsingar eru unnar úr gögnum frá Fjársýslu ríkisins og sýna álagningu, breytingar, afskriftir, innheimtu og eftirstöðvar fyrir árið 2008.

5.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árinu 2008

Tafla 1

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2007	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2008
650297-2029	Anza hf	13.591		(84.941)		71.350	0
610103-2940	Atlassími ehf	28.078	87.274		(88.950)	26.402	
690197-3169	Ábótinn ehf		9.014		(9.014)	0	
511202-2480	Blikalón ehf		600		(600)	0	
540906-1730	Corice ehf	20.832			(20.832)	0	
610502-2530	EJS ehf		12.000		(12.000)	0	
590701-2970	eMax ehf	34.922			(34.922)	0	
470200-2780	Equant á Íslandi ehf		116.578		(116.578)	0	
580902-2190	Farice hf		675.439		(675.439)	0	
561000-3520	Fjarski ehf		258.026		(167.664)	90.362	
610504-3020	Flugfjarskipti ehf		15.000		(15.000)	0	
590900-2730	Gagnanet ehf	4.440	14.400			18.840	
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf		666.447		(666.447)	0	
690506-1140	Gagnaveita Skagafjarðar ehf		16.081		(16.081)	0	
551100-3240	Hátíðni hf	13.073				13.073	
520104-2240	Hreinar ehf		600			600	
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.	11.949	90.000	(12.000)	(89.949)	0	
620600-3690	IMC Ísland ehf		12.000		(10.080)	1.920	
660595-2449	Internet á Íslandi hf		12.000		(12.000)	0	
681201-2890	IP-fjarskipti ehf		922.455		(461.228)	461.227	
550402-3510	IP-lausr ehf		7.800	(7.800)		0	
600900-2770	Ipnet ehf		12.000		(12.000)	0	
430805-0530	Já Upplýsingaveitur ehf		12.000		(12.000)	0	
420269-2779	Látravík ehf		14.673		(14.673)	0	
670199-2319	Ljóshraði ehf	3.511	6.900			10.411	
501203-3350	Magus ehf	3.360				3.360	
560294-2989	MarStar International ehf	240.000		(240.000)		0	
410305-1270	Martólvan ehf		3.113		(1.557)	1.556	
420493-2589	MetNet ehf	12.076			(12.076)	0	
460207-1690	Míla ehf		762.887		(762.887)	0	
450701-2620	Netsamskipti ehf		40.861		(40.861)	0	
511095-2559	Neyðarlínan ohf	5.760	45.000		(50.760)	0	
531205-0810	Nova ehf	6.000	9.539		(15.539)	0	
470905-1740	Og fjarskipti ehf		11.774.559	10.130.556	(21.905.115)	0	
640306-2380	Ódýra símafélagið ehf		263.779		(263.779)	0	
681071-0759	R.Sigmundsson ehf	51.000			(51.000)	0	
540269-5729	Ríkisútvarpið	8.960			(4.247)	4.713	
600307-0450	Ríkisútvarpið ohf		11.795		(11.795)	0	
680604-4280	Sími og net fjarskipti ehf	12.600	15.750			28.350	
500269-6779	Síminn hf		21.487.377		(21.487.377)	0	
601200-2520	Skyggnir hf upplýsingaþjónusta		19.520	(27.265)	(7.745)	0	
590269-7199	Skýr hf		257.914		(257.914)	0	
480905-2100	Spakur ehf	38.520				38.520	
660204-2880	Svar tækni ehf		12.000		(6.000)	6.000	
660702-2880	Tengir hf		74.134		(74.134)	0	
511099-2269	Tetraísland ehf Fjarskiptafélag	59.239			(59.239)	0	
700895-2549	Tölvu- og rafeindaþj. Suðurl ehf		8.961		(8.961)	0	
690393-2989	Tölvun ehf, verkfræði-/tölvuþjón		17.944		(8.972)	8.972	
460598-2149	Tölvusmiðjan ehf		10.155		(10.155)	0	
700387-1949	Wireless Broadband Systems ehf	12.000	12.000	(12.000)	(12.000)	0	
411199-2749	Þekking - Tristan hf		59.838		(59.838)	0	
430171-0469	Ögurvík hf		1.005.704		(1.005.704)	0	
		579.911	38.854.117	9.746.550	0 (48.466.272)	714.306	

Skýringin á hinum auknu tekjum jöfnunarsjóðs frá árinu 2007, má einkum rekja til þess að við venjubundið uppgjör á sjóðnum af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar kom í ljós að álagning á Og fjarskipti á skattaárinu 2007 hafði misfarist af hálfu skattyfirvalda og var því endurálagt á fyrirtækið vegna tekna ársins 2007.

Þá er einnig rétt að benda á mistök sem urðu í tengslum við álagningu jöfnunargjalds á Ögurvík hf., en fyrirtækið er ekki með starfsemi sem tengist fjarskiptum á neinn hátt. Þessi færsla verður leiðrétt við næsta uppgjör sjóðsins.

5.2. Staða jöfnunarsjóðs

Í töflu 2 er yfirlit yfir álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs:

Tafla 2

Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000		13.931.078			9.818.302	4.112.776
Árið 2001	4.112.776	14.860.992			6.596.238	12.377.530
Árið 2002	12.377.530	52.479.301	(5.489.029)	66	40.900.639	18.467.097
Árið 2003	18.467.097	51.436.749	(54.338.594)	138.000	9.211.753	6.215.499
Árið 2004	6.215.499	32.123.869	(12.465.059)	690	25.330.489	543.130
Árið 2005	543.130	30.906.483	(2.282.680)		19.037.593	10.129.340
Árið 2006	10.129.340	30.791.689	(9.715.385)		27.661.746	3.543.898
Árið 2007	3.543.898	24.179.956	(10.805.553)		16.338.390	579.911
Árið 2008	579.911	38.854.117	9.746.550		48.466.272	714.306
		289.564.234	(85.349.750)	138.756	203.361.422	

Í töflu 3 er yfirlit yfir tekjufærslur:

Tafla 3

Ár	Tekjufært	Gjaldf. afskr.	Framlag	Til ráðst.
Árið 2000.....	13.931.078		10.000.000	23.931.078
Árið 2001.....	14.860.992			14.860.992
Árið 2002.....	25.934.843	(66)		25.934.777
Árið 2003.....	18.015.584			18.015.584
Árið 2004.....	19.658.810	(690)		19.658.120
Árið 2005.....	28.623.803			28.623.803
Árið 2006.....	21.076.304			21.076.304
Árið 2007.....	13.374.403			13.374.403
Árið 2008.....	48.600.667			48.600.667
	204.076.484	(756)	10.000.000	214.075.728

Samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið eftirfarandi síðustu 9 árin samkvæmt gögnum Póst- og fjarskiptastofnunar:

Tafla 4

Ár	Framlög
Árið 2000.....	18.618.302
Árið 2001.....	20.496.000
Árið 2002.....	20.496.000
Árið 2003.....	23.889.600
Árið 2004.....	26.735.628
Árið 2005.....	25.440.000
Árið 2006.....	25.440.000
Árið 2007.....	192.921.277
Árið 2008.....	30.100.000
	384.136.807

Í töflu 4 kemur fram að samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið 384.136.807 kr. en álagt jöfnunargjald sjóðsins að viðbættu 10.000.000 kr. framlagi ríkisins hefur á sama tímabili numið 214.075.728 kr. Samþykkt framlög umfram tekjur eru því 170.061.079 kr. á þessu 9 ára tímabili sem liðið er frá því að gjaldið var tekið upp. Þessi munur á tekjum og gjöldum sjóðsins er einkum tilkominn vegna þeirrar skuldbindinga sem féllu á sjóðinn með úrskurði nr. 1/2007, í tengslum við skyldu Símans til að bjóða upp á gagnaflutningsþjónustu með 128 K/bs flutningsgetu um land allt. Þetta misvægi í

tekjum og gjöldum sjóðsins mun að öllum líkindum jafnast út þegar álagning skattayfirvalda samkvæmt lögum nr. 143/2007, kemur fyrst til framkvæmda haustið 2009.

6. Lokaorð

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2007, sem afmarkar alþjónustuskyldur Símans, Mílu og Já upplýsingarveitna, er kveðið á um að útnefningartímabil alþjónustukvaða sem lagðar eru á fyrirtækin sé til og með 31. desember 2010. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið um eitt ár. Nú nýlega hefur ESB samþykkt breytingar á tilskipun nr. 2002/22/EC um alþjónustu og réttindi notenda. Eftir er að sjá hvaða áhrif þær hafa á fjarskiptalöggjöf hér á landi og í framhaldi af því á þær alþjónustukvaðir sem lagðar yrðu á fjarskiptafyrirtæki hér á landi. Gera má ráð fyrir því að endurskoðun núgildandi alþjónustukvaða hefjist á árinu 2010.